

Sp. 133. Tillaga til þingsályktunar [112. mál]
um landhelgismál.

Flm.: Lúðvík Jósepsson, Benedikt Gröndal, Karvel Pálmason.

Vegna þeirrar vitneskju, sem fyrir liggur um veika stöðu helstu fiskstofna við landið, lýsir Alþingi yfir því, að nýir samningar um veiðiheimildir útlendinga í fiskveiðilandhelgi Íslands komi ekki til greina.

G r e i n a r g e r ð .

Flutningsmenn þessarar tillögu hafa ákveðið að óska eftir útvarpsumræðum um tillöguna samkv. heimild í þingsköpum. Í þeim umræðum verður tillagan skýrð og rökstudd.

Að undanfögnu hafa átt sér stað svonefndar könnunarviðræður á milli fulltrúa ríkisstjórnarinnar og fulltrúa Efnahagsbandalags Evrópu um fiskveiðimál. Tilkynt hefur verið að umræðum verði haldið áfram fyrir jól og stefnt að samningum um fiskverndar- og fiskstjórnunarmál, en jafnframt fjallað um hugsanlegan gagnkvæman rétt til fiskveiða. Af þeim ástæðum leggja flm. áherslu á að tillagan fái fullnaðar-afgreiðslu á Alþingi, áður en umræddar samningaviðræður fara fram, svo að afstaða Alþingis til hugsanlegra samninga um nýjar veiðiheimildir útlendinga liggi skýrt fyrir.